

3. Miðkaupstaðareign, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar.
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Jóhönnu Ívarsdóttur o. fl.
5. Aðalstræti nr. 11, lóðin, eign Marisar Gilsfjörð o. fl.
6. Aðalstræti nr. 15, lóðin, eign þrotabús Marselliusar Bernharðssonar.
7. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Kristjáns H. Jónssonar og Steins Leóssonar.
8. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svonefnt Félagshús.
9. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálsonar.
10. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.
11. Lóðin undir húð Soffiu Jóhannesdóttur, eign Óla Ketilssonar.
12. Eignarlóð h/f. Fiskimjöl á Torfnesi.
13. Lóð Jóns Þorbergssonar o. fl. við Skipagötu.
14. Lóð Ástmars Benediktssonar við Sundstræti.
15. Lóð Guðmundar Björnssonar milli Skipagötu og Sundstrætis.
16. Lóð Jóns S. Edwald og Júlíusar Guðmundssonar, fyrverandi eign Andreu Filippusdóttur við Sundstræti.
17. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
18. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Sundstræti og Skipagötu.
19. Lóð H. Häslers við Waardstún.
20. Lóð Hannesar Halldórsonar, Skipagata 14.
21. Lóð Egils Kr. Jónssonar, Skipagata 12.
22. Lóð Ragnars Guðjónssonar o. fl., Aðalstræti 12.
23. Lóð Óla og Ágústs Péturssonar undir svonefndum Árnahjalli.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SKRÁ

8

6. marz

yfir gjöld fyrir störf þau, sem lögskráningarstjórar inna af höndum samkvæmt lögum nr. 53, 19. maí 1930, um lögskráning sjómanna, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár.

Fyrir lögskráningu	kr. 0,25 á mann
— afskráningu	— 0,25 — —
— viðskiptabók	— 1,00 — —
— sjóferðabók	— 2,00 — —
— skipshafnarskrá (innhefta)	— 1,25 — —
— skipshafnarskrá (óinnh.)	— 0,75 — —

8 6. marz	Fyrir útfyllingu í bækur kr. 0,40 fyrir bókina — útfyllingu í skrár — 0,15 fyrir manninn — aðstoð lögskráningarstj. við reikningsgerð samkv. 16. og 17. gr. ofangreindra laga — 5,00
--------------	--

Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í rikissjóð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

9
13. marz

AUGLÝSING

um staðfestingu ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 18, 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á götu, torgi, bryggju, við samkomuhúsdyr eða annars staðar þar sem almenningur fer um, þá skulu menn haga sér eftir fyrir-mælum hreppstjóra (lögregluvaldsins).

3. gr.

Á götum eða annars staðar þar sem almenningur fer um í kaupúninu má ekki fljúgast á, hrópa, kalla, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða, — eða óstjórnlegt háttalag, sem raskar friði og allsherjarreglu eða ónáðar á einhvern hátt, þá sem í nánd búa.